

1859.
16. apríl.

eiga að fara, með næsta póstskipi, ókeypis fram og aptur, þó ekki nema nokkur exemplör verði send aptur að sinni. Þér hafið enn fremur sjálfur tekið það fram, að fjárstofn félagsins hafi mest allur gengið í prentunina, og að það sé áriðandi fyrir félagið, að geta sent bíflíuna út um landið sem allra fyrst.

Þér hafið af þessum ástæðum, í von um samþykki stjórnarinnar, gefið félaginu heityrði fyrir, að það ókeypis skyldi mega senda þessi 100 exemplör, svo framarlega sem stjórnin hefði áskilið sér nokkurt lestarúm í skipinu auk þess sem póstsendingarnar tækju upp, og jafnframt mælt fram með því, að félaginu leyfðist að senda það af upplaginu, sem smátt og smátt kynni að verða sent hingað til bindingar, ókeypis fram og aptur með póstskipi.

Yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir hlutaðeigendum látum vér yður því hér með vita, að stjórnin hefur ekkert á móti því, að bíflían verði send hingað ókeypis, að svo miklu leyti, sem lestarúm það, sem stjórninni er áskilið, brökkur til. Stjórnin er og viljug til, ef hlutaðeigendur fara þess á leit, að taka þær bíflur, sem senda á heim til Íslands eptir að búið er að binda þær, í lestarúm það, sem henni er áskilið.

13. Konungleg umboðsskrá handa yfir-dýralækni prófessor Tscherning og skjalaverði Jóni Sigurðssyni, til að skipa fyrir í fjárkláðamálinu.

27. maí.

Friðrik hinn sjöundi af guðs náð konungur Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slæsvík, Holsetalandi, Stór-mæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

sendum yður kveðju Vora.

Þér skuluð vita, Vor elskulegi yfir-dýralæknir *Hans Christian Tscherning*, háskólakennari, og herra Jón Sigurðsson, ridd. af dbr., að með því löggæzluráðgjafi Vor hefur allraþegnsamlegast skýrt Oss frá, að á Voru landi Íslandi sé í hinum ýmsu umdæmum höfð með öllu sundurleit aðferð í meðferð á fjársýki þeirri, sem þar fer nú yfir, þar sem það þó verður að telja

1859.
27. maí.

haganlegast, að hin sama aðferð sé höfð um allt land, þá er það Vor allramildasti vilji og boð, að þér búizt til, að fara til Íslands sem sérstaklegir erindsrekar stjórnarinnar, til þess að rannsaka vandlega heilbrigðisástandur sauðfjárins þar í landi, einkum og sér í lagi að því leyti, er nær til hörundsveiki þeirrar, er gengið hefur þar um hin síðustu árin, og heilbrigði sauðfjárins yfir höfuð, og því næst í sameiningu að gjöra þær ráðstafanir, sem ykkur kynni að þykja nauðsynlegar til þess að stemma stigu fyrir frekari útbreiðslu sýkinnar, eða hagkvæmar til lækninganna á fènu og heilbrigði þess, og geta átt sér stað, eptir því sem ástatt er á Íslandi.

Eins og Vèr í þessu skyni viljum fá ykkur, og hær með fáum, ótakmarkað vald til að gjöra allar þær ráðstafanir, sem ykkur kynni að þykja nauðsynlegar eða haganlegar, til að ná því, sem tilætlazt er með ferð ykkar, eptir því sem þið treystist til að ábyrgjast fyrir Oss, þannig er það og Vor allrahæsti vilji og boð, að allir embættismenn Vorir og þjónar á Íslandi, sem þér kunnið að snúa yður til, skuli eigi að eins gefa ykkur allar þær skýrslur, og láta ykkur í tæ alla þá aðstoð, sem þið kunnið að beiðast af þeim, til þess að þið getið rekið erindi það, sem ykkur er þannig á hendur falið, en einnig að þeir tregðulaust hlýði þeim tilskipunum, sem þið kunnið að telja nauðsynlegt að setja þeim í þessu skyni, og gjöri þeir eigi svo, liggur við missir náðar Vorar og hollustu, eða aðför að lögum.

Með því verður Vor vilji. Felandi ykkur guði.

Skrifað í höll Vorri Fríðriksborg 27. dag maím. 1859.

Frederik R.

(L. S.) *Simony.*

Umboðsskrá

handa

Yfir-dýralækni, prófessor Tscherning og skjalaverði Jóni Sigurðssyni, að fara til Íslands, til þess sameiginlega að gjöra ráðstafanir til að útrýma fjársýki þeirri, sem þar gengur nú sem stendur, eða hvernig sem fer, til að stemma stigu fyrir frekari útbreiðslu hennar.